

(B. I, 1).

Nd.

14. Frumvarp

til laga um bæjarstjórn á Siglufirði.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson og Einar Arnason.

1. gr.

Siglufjarðarverslunarstaður skal tekinn í tölu kaupstaðanna og þar stofnað nýtt sjerstakt lögsagnarumdæmi, er nái yfir allan hinn núverandi Hvanneyrarhrepp.

Lögsagnarumdæmi þetta skal hjer eftir sem hingað til vera í alþingiskjördæmi Eyjafjarðarsýslu, þangað til öðruvisi verður ákveðið.

Þar, sem í lögum þessum er talað um kaupstað og kaupstaðarbúa, er átt við alt hið nýja lögsagnarumdæmi og íbúa þess.

2. gr.

Landssjóður greiðir kostnað þann, sem stofnun hins nýja lögsagnarumdæmis hefir í för með sjer.

3. gr.

Landsstjórnin skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Hvanneyrarhreppi, dómsmálum, skiftamálum og öðrum, sem ekki eru útkljáð þegar skifting lögsagnarumdæmisins fer fram, skuli skift milli sýslumanns Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Siglufirði.

4. gr.

Verslunarlóð kaupstaðarins hefir þessi takmörk:

a. *Áð vestanverðu við höfnina:*

Áð norðan bein lina milli fjalls og fjöru, 25 föðmum fyrir norðan húsið Bakka. Áð sunnan bein lina milli fjalls og fjöru, 25 föðmum fyrir sunnan húsið Hliðarhús. Áð vestan fjallið. Áð austan höfnin.

b. *Áð austanverðu við höfnina:*

Áð norðan svo nefndur Rjómalækur, sunnan við túnið á Staðarhóli. Áð sunnan Skútuá. Áð vestan höfnin. Áð austan lina, sem er 50 föðmum ofar en stórstraumsflóðmál.

5. gr.

Í Siglufjarðarkaupstað skal vera bæjarfógeti, skipaður af konungi, með 2000 króna árslaunum úr landssjóði, og hefir hann á hendi, auk stjórnar kaupstaðarmálefna, dómstjórn, lögreglustjórn, gjaldheimtu fyrir landssjóð í kaupstaðnum og önnur störf, er sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sinu umdæmi.

6. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn, og eru í henni bæjarfógetinn og sex bæjarfulltrúar, kosnir af kaupstaðarbúum eftir lögum um kosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum. Skilyrðin fyrir kosningarrjetti og kjörgengi eru hin sömu og nú gilda, eða síðar kunna að verða sett, um kjörgengi og kosningarrjett í málefnum kaupstaða og hreppsfjelaga. Tölu bæjarfulltrúa má stjórnarráðið breyta, ef þörf gerist, eftir tillögu bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarfógetinn er sjálfkjörinn oddviti bæjarstjórnarinnar og hefir atkvæðisrjett á fundum.

8. gr.

Oddviti bæjarstjórnar hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórnin gerir, og í bæjarmálefnum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum mönnum úr sínum flokki að framkvæma einstöku bæjarstörf, eftir reglum, er hún sjálf setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin felur þeim.

9. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinn, fara tveir frá að tveimur árum liðnum og svo ávalt tveir annaðhvort ár. Hverjir fari frá í fyrsta og annað skifti skal vera komið undir samkomulagi eða hlutkesti.

Ef einhver fulltrúi fer frá áður en 6 ár eru liðin frá kosningu hans, skal sem fyrst kjósa annan í hans stað, en að eins fyrir þann tíma, er hinn átti eftir að vera.

10. gr.

Fulltrúakosning skal fara fram á virkum degi, sem fyrst eftir nýár, nema þegar aukakosning þarf að fara fram. Í kjörstjórn eru bæjarfógeti og tveir fulltrúar, er bæjarstjórnin kys til þess. Kjörstjórnin skal semja kjörskrá fyrir hver árslok, og gildir hún fyrir almanaksárið næsta á eftir, þótt aukakosning fari fram á því ári.

Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, að einhver sje oftalinn eða vantallinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minsta kosti þrem dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á málið.

11. gr.

Formaður kjörstjórnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan kosningu, á þann hátt, sem þing eða fundir eru alment boðaðir í kaupstaðnum.

12. gr.

Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann, vegna heilsubrests eða annars, hafi senni-

lega ástæðu til að skorast undan kosningu. Kjörstjórnin sker úr þessu; en láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem hefir gegnt fulltrúastörfum 6 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þann starfa aftur fyr en eftir jafnlangan tíma og hann síðast var fulltrúi.

13. gr.

Sá, sem hefir eitthvað að kæra yfir kosningargerð þeirri, er fram hefir farið, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eftir að kosning hefir fram farið, eigi umkvörtun hans að vera tekin til greina. Innan hálf mánaðar frá því að kæruskjalið var afhent bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leita um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir stjórnarráðinu, innan hálf mánaðar frá því að úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er fram kunna að hafa komið yfir hinni nýju kosningu.

14. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn áður en sá tími er liðinn, sem hann er kosinn til, og skal bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveðar enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórninni um stund, sökum atvika, er svifta hann kjörgengi; hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórninni, af því hann hefir vanrækt eða færst undan að gera það, sem hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn, kæra til stjórnarráðsins á þann hátt, sem segir í 11. gr.

15. gr.

Oddviti bæjarstjórnarinnar stýrir umræðum á fundum og sjer um, að það sem ályktað er, sje rjett ritað í gerðabókina. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu venjulega fara fram í heyranda hljóði. Þó má ræða einstök mál innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það. Til þess að lögmæt ákvörðun sje gerð, verður, auk oddvita, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, og þá ræður hlutkesti. Það skal kunnert bæjarbúum, hvar og hve nær bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda þegar oddvita pykir nauðsyn til bera, eða að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess. Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sin undir gerðabókina strax og bókun er lokið, og sjerhver í bæjarstjórninni á rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað. Bæjarstjórnin setur sjálf fundarskóp sin, en stjórnarráðið samþykkir þau.

16. gr.

Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út yfir valdsvið hennar, sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda stjórnarráðinu skýrslu, og leggur það úrskurð sinn á málið. Eittirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt sent bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir sínar við hana áður en skýrslan fer til stjórnarráðsins.

17. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og fræðslu barna, hefir formaður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

18. gr.

Bæjarstjórnin kýs fjóra menn til að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarfógeta; skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

19. gr.

Bæjarstjórnin kýs 5 menn í hafnarnefnd samkvæmt hafnarlögum Siglufjarðar.

20. gr.

Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera og veitir honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minsta kosti 3 ár, nema bæjarstjórnin taki lausnarbeiðni hans gilda fyr.

21. gr.

Bæjarstjórnin skipar sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

22. gr.

Endurskoðendur reikninga kaupstaðarins skulu vera tveir; eru þeir kosnir til þriggja ára í senn af kosningarbærum kaupstaðarbúum og á sama hátt og fulltrúarnir. Þeir hafa þóknun úr bæjarsjóði fyrir starfa sinn. Auk reikninga bæjarsjóðsins skal þeim og skylt að endurskoða alla reikninga þeirra sjóða og stofnana, er bæjarstjórnin hefir umsjón með.

23. gr.

Reikningsár kaupstaðarins er almanaksárið. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru, til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjar-

búa eftir efnun og ástæðum. Áætlun þá, sem þannig er samin, skal bæjarstjórnin ræða á tveim fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórn ihuga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. — Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð. Án samþykkis stjórnarráðsins má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa en sem svári meðaltali allra bæjargjalda þrjú síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

24. gr.

Niðurföfnun eftir efnun og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum eigi skemur en 3 mánuði; þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnabag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og galdið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar. Ef rekin er í kaupstaðnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, eða þilbátaútgerð, þá má leggja aukaútsvar á þá atvinnu, þótt ekki sje hún rekin nema 8 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, selveiði, sildveiði, á allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuíðnað, á atvinnu útlendra skipa við verkun á sild á höfninni, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabryf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

25. gr.

Fimm manna nefnd skál jafna niður gjöldum eftir efnun og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til niðurföfnunarnefndar gildir hið sama sem ákveðið er um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar, svo og um kosningaraðferðina; einnig um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fara fram í september eða októbermánuði. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara tveir frá að þremur árum liðnum eftir samkomulagi eða hlutkesti. Síðan fara frá á hverjum þriggja ára fresti þrir og tveir nefndarmenn til skiftis. Enginn, sem er kjörgengur í bæjarstjórn, getur skorast undan að taka á móti kosningu í niðurföfnunarnefndina. Þó má enginn samtímis sitja í niðurföfnunarnefnd og bæjarstjórn. Hver sá, er verið hefir 6 ár eða lengur samsfleytt í nefndinni, getur verið undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefir síðast í henni verið.

26. gr.

Niðurföfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði, samkvæmt áætluninni. Niðurföfnunarskráin og skrá um gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis á venjulegum, hentugum, áður auglýstum stað, hálfan mánuð fyrir árslok. Bæjarstjórnin getur ákveðið, að aukaniðurföfnun skuli fram fara um mánaðamólin ágúst og september, og skulu gjöld þá lögð

á þá, sem hafa flutt sig til kaupstaðarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram og gjaldskyldir eru, eða farnir verða burt áður en næsta aðalniðurjöfnun fer fram. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, svo sem aðalniðurjöfnun. Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni, á þar til gerðum eyðublöðum, skýrslu um árs-tekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni að halda þessum upplýsingum leyndum. Kærur yfir niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflegar innan hálf mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin var til sýnis. Innan hálf mánaðar þar á eftir skal nefnd þessi skriflega skýra kærandanum frá, hvort og að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefir gert, má svo innan hálf mánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið innan hálf mánaðar. Kærur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða ekki teknar til greina. Hverjum, sem gert er að greiða bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir gjaldi því, sem lagt hefir verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra á skránni, eða að einhverjum hafi verið slept. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða að einhverjum hafi verið slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni áður en úr þessu er skorið í niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni. Enginn getur með því að bera sig upp um skattgjald sitt komist hjá að greiða gjaldið á rjettum gjalddaga, en verði gjaldið lækkað, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgildið er.

27. gr.

Ef ágreiningur verður milli Siglufjarðarkaupstaðar og einhvers annars sveitar- eða bæjarfélags um skiftingu milli þeirra á skattgjaldi einhvers manns, sker stjórnarráðið úr því.

28. gr.

Öll bæjargjöld eftir aðalniðurjöfnun skulu goldin að helmingi fyrir 1. febrúar og að helmingi fyrir 1. ágúst, en eftir aukaniðurjöfnun fyrir 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og líka allar aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu gjöldin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki. Flytji gjaldskyldur maður sig alfarinn úr bænum fyrir nýár, fellur alt það gjald burt, sem lagt er á sjálfan hann fyrir það ár, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins gjaldskyldur til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem flytur sig inn í kaupstaðinn á árinu og er settur á aukaniðurjöfnunarskrá, er gjaldskyldur frá þeim tíma, er hann fluttist inn.

29. gr.

Bæjarstjórn, og sjerstaklega bæjarfógeti, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins og sjá um, að tekjur bæjarsjóðs sjeu rjett heimtar og í tækan tíma; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eftir atvikum ávaxtað, fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda, til að borga útgjöld hans. Bæjarstjórnin öll skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

30. gr.

Gjaldkeri skal að minsta kosti einu sinni á hverjum ársfjórðungi gefa bæjarstjórninni ákveðna sjóðsskýrslu, er sýni, hvað goldist hefir í bæjarsjóð og úr honum og hver er hinn handbæri peningaforði. Eigi má gjaldkeri borga neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun bæjarstjórnar. Skulu allar ávísanir vera undirritaðar af bæjarfógeta, og sju þær yfir 100 krónur, þá einnig að minsta kosti af tveim bæjarfulltrúum.

31. gr.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landsstjórninni eða hagstofunni í tje skýrslur þær, sem beðið er um, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

32. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán, nje lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slik lán eða fresta borgunartímanum.

33. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins, svo og skýrslu um eignir og skuldir í árslokin, og senda bæjarstjórninni fyrir lok janúarmánaðar. Bæjarfógeti lætur reikning þennan liggja öllum bæjarbúum til sýnis hálfan mánuð á vanalegum, hentugum, áður auglýstum stað. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af endurskoðendum kaupstaðarins, og skulu þeir hafa lokið rannsókn sinni innan mánaðar. Þegar gjaldkeri hefir svarað athugasemdum þeirra, en það skal hann hafa gert innan hálf mánaðar, skal leggja reikninginn, ásamt athugasemdum endurskoðenda og svörum gjaldkera, fyrir bæjarstjórnina, sem leggur úrskurð sinn á reikninginn og veitir gjaldkera kvittun. Enginn má taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, sem honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur. Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga. Þegar búið er að leggja úrskurð á bæjarreikninginn, getur bæjarstjórnin birt á prenti ágrip af honum, er bæjarfógeti semur, og skulu í því ágripi greind öll aðalatriðin í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

34. gr.

Innan loka septembermánaðar skal senda stjórnarráðinu reikning fyrir hið liðna reikningsár með athugasemdum endurskoðenda og úrskurðum bæjarstjórnarinnar. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi greitt ólögmet gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvila á kaupstaðnum, eða á annan hátt ranglega beitt valdi sinu, skal stjórnarráðið gera þær ráðstafanir, er með

þarf; og ef nauðsyn ber til, getur stjórnarráðið með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum.

35. gr.

Með byggingarsamþykkt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn og stjórnarráðið staðfestir, má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í samþyktina má setja fyllri ákvæði um byggingarmál bæjarins en enn þá eru í lögum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, sem af ákvæðum samþykta-
innar leiðir.

36. gr.

Hið fyrsta eftir að lög þessi öðlast gildi skal stofna slökkvilið á Siglu-
firði. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, eru skyldir til að mæta við slökkviliðsæfingar eftir boði bæjarstjórnar eða þess manns, sem bæjar-
stjórnin setur yfir slökkviliðið. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfær-
ir karlmenn í bænum skyldir að koma til brunans og hlýða öllum fyrirskip-
unum slökkviliðsstjóra eða aðstoðarmanna hans, er að því lúta að bjarga úr
eldinum, slökkva hann eða varna útbreiðslu hans. Bæjarstjórnin semur reglu-
gerð fyrir slökkviliðið, en stjórnarráðið staðfestir, og má ákveða sektir fyrir brot
gegn ákvæðum reglugerðarinnar, og renna þær í bæjarsjóð. Með mál út
af brotum gegn reglugerð þeirri skal farið sem almenn lögreglumál.

37. gr.

Bæjarstjórnin hefir alla yfirumsjón með vatnsleiðslu og rafleiðslu bæj-
arins, en falið getur hún sjerstökum mönnum eða sjerstökum nefndum alla
nánari stjórn og umsjón stofnana þessara. Þurfi að taka vatn eða vatnsafl í
landareign einstakra manna, skulu landeigendur skyldir til að láta í tje nægi-
legt vatn úr uppsprettum, ám og lækjum í landareign þeirra, þó svo, að þeir
sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo
skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hvers kyns mann-
virkja, er í þessu skyni þarf, þar með talið grjóttak, malartekja og torfrista,
og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarjetti, sem slik
mannvirki hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir.
Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitnið
verði, að landeigandi biði skaða við það. Verði ekki samkomulagi náð um
bætur þessar, skal eignarnám fram fara samkvæmt lögum.

38. gr.

Stjórnarráðið gerir ráðstafanir til þess, að lög þessi komist til fram-
kvæmda 20. maí næst eftir að þau eru staðfest af konungi, og telst fyrsta fjár-
hagsár kaupstaðarins frá fardögum til ársloka það ár.

Greinargerð.

Það hlýtur að vera öllum ljóst, sem þekkja fjarlægð og aðra afstöðu Siglufjarðar frá Akureyri, þar sem sýslumaður Eyjafjarðarsýslu er búsettur, hve afarþægilegt það er fyrir þetta kauptún, sem nú telur freklega 900 íbúa, að eiga sinn lögreglustjóra og dómara í svo mikilli fjarlægð, að alloft verður ekki til hans leitað nema með pósthferðum. Er þetta því auðsæjara, sem útvegur er þar stundaður í stórum stíl, ekki einungis af þar búsettum mönnum, heldur og af innlendum og útlendum aðkomumönnum í hundratali.

Þá bendir og aðstaða Siglufjarðar til veiðiskapar ótvírætt á, að frampróun kaupsins sje ekkert augnabliksástand eða tilviljun, því að fólkstalan fer þar sívaxandi. Voru þar t. d. árið 1910 440 manna búsettir, 1911 487, 1912 536, 1913 590, 1914 625, 1915 753 og 1916 828 manns, sem einvörðungu lifa á fiskveiðum og verslun. Þetta sýnir, hve þessi verslunarstaður er á hröðu framfaraskleiði, sem auðvitað byggist að miklu leyti á því, hve lega hans og aðstaða öll er ákjósanleg, að því er að fiskveiðum lýtur. Og til þess að gefa ofurlitla hugmynd um þær geipimiklu tekjur, sem þetta hreppsfielag hefir, að heita má eingöngu frá útvegsmönnum og verslunum í kaupsinu, má geta þess, að tekjur sveitarfélagsins fardagaárið 1916—17 voru 45,500 kr., þar af rúmar 40 þús. kr. í útsvörum.

Eignir hreppsins, arðberandi og óarðberandi, voru í lok síðasta reikningsárs 144 þúsund kr., að meðtöldum 17 þús. kr., sem er veittur þurfamannastyrkur. Skuldir hreppsins voru á sama tíma 44 þúsund krónur.

Fjárhagsáætlun yfirstandandi fardagaárs, 1917—18, er að upphæð kr. 43,485.

Einn verulegur þáttur til þessarar miklu velmegunar sveitarfélagsins er sildarafli undanfarinna ára, en þó er það engan veginn einvörðungu, því að bæði eru þorsk- og hákarlaveiðar þar stundaðar af miklu atfylgi og þangað sækir fjöldi vjelbáta af Ísafirði, Skagafirði, Eyjafirði og Húsavík, enda voru þar síðastliðið vor 5—600 manns aðkomandi við ýmsa vinnu á sjó og landi með háu kaupi, og þetta löngu áður en von er nokkurra sildveiða. Veldur þessu auðsjáanlega bæði hin ágætu þorskamið fram undan Siglufirði, lega fjarðarins og svo höfnin, sem er hin öruggasta, og svo auðvitað framsókn og dugnaður fólksins, sem þarna býr.

Það, sem hjer er sagt, bendir alt til þess, hve mikil sanngirniskrafa það er, sem hjer er fram borin, því að eins og það er vist, að Siglufjörður er vel settur að því er sjávarútveg, verslun og samgöngur snertir, þá er það og vist, að hann á litið sameiginlegt með sýslunni yfirleitt, vegna staðháttu. Hann er því eins og skapaður til að ráða sjer sem mest út af fyrir sig.